

FRÁSÖGN

af fundi Evrópuráðsþingsins í Strassborg 22.–26. janúar 2018.

Af hálfu Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins sóttu fundinn Rósa Björk Brynjólfsdóttir, formaður, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, varaformaður, og Birgir Þórarinsson, varamaður, auk Bylgju Árnadóttur ritara. Á dagskrá voru m.a. stjórnarhættir innan íþróttasamtaka, mannúðaráhrif átakanna í Úkraínu og verndun tungumála minnihlutahópa í Evrópu. Þá fóru fram sérstakar umræður um friðarferli í átökum Ísraels og Palestínumanna og hernaðarhlutun Tyrkja á svæðum Kúrda í Sýrlandi.

Á fyrsta degi þingsins var Michele Nicoletti frá Ítalíu kosinn forseti Evrópuráðsþingsins árið 2018. Að auki voru kosnir 18 af 20 varaforsetum þingsins og þeirra á meðal var Rósa Björk Brynjólfsdóttir, formaður Íslandsdeildar. Í ræðu sinni kallaði Nicoletti eftir samstöðu aðildarríkja Evrópuráðsins um gildi stofnunarinnar, þ.e. mannréttindi, lýðræði og réttarríki, og virðingu fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Hann sagði Evrópuríki takast á við stórar áskoranir í formi hryðjuverka, fólksflutninga, fátæktar og vantrausts á stjórnmalastofnanir. Ekki síst væru auknir kynþáttafordómar viðsjárverðir og hvatti hann meðlimi Evrópuráðsþingsins til að bregðast af festu við þjóðernissinnaðri orðræðu. Nicoletti harmaði það að Rússland hefði ekki sent sendinefnd til þingsins en sagði mikilvægt að halda áfram samræðum við Rússa. Hann benti á að starf Evrópuráðsins í þágu mannréttinda þyrfti að styðja með samstöðu allra aðildarlandanna. Stella Kyriakides, þingkona frá Grikklandi og fráfarandi forseti Evrópuráðsþingsins, flutti skýrslu framkvæmdastjórnar þingsins. Kyriakides sagði árið 2017 hafa verið það erfiðasta í sögu þingsins þar sem spillingarmál hefðu grafið undan trúverðugleika stofnunarinnar og vakið upp efasemdir um hvatirnar á bak við aðgerðir þingsins.

Á þingfundi fór einnig fram kosning mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins og dómara til Mannréttindadómstóls Evrópu fyrir hönd Spánar. María Elósegui Ichaso var kosin dómari við Mannréttindadómstólinn til níu ára fyrir hönd Spánar, en þrír voru tilnefndir. Dunja Mijatović frá Bosníu hlaut kjör sem mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins, en þrír voru í framboði.

Anders Samuelsen, utanríkisráðherra Danmerkur, flutti skýrslu ráðherranefndar Evrópuráðsins, en Danir fara með formennskuna í Evrópuráðinu um þessar mundir. Lars Løkke Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, ávarpaði einnig þingið og varð báðum ráðherrum tíðrætt um umbætur á mannréttinasáttmála Evrópu. Rasmussen sagði umbætur nauðsynlegar til að unnt væri að standa vörð um mannréttinasáttmálann til frambúðar. Eins og staðan væri í dag vantaði upp á innleiðingu dóma Mannréttindadómstólsins, álag á dómstólinn væri of mikið og því löng bið eftir úrlausn mála auk þess sem vaknað hefðu spurningar um túlkun dómstólsins á mannréttinasáttmálanum. Ekki mætti gleyma að aðildarríkin væru helstu verndarar sáttmálans og sem slíkir ættu þau að fá aukið svigrúm. Í spurningum til forsætisráðherrans komu fram efasemdir þingmanna um að hugmyndir hans um endurskoðun á dómstólnum færu saman við kröfuna um sjálfstæði dómstóla. Petra De Sutter, þingkona frá Belgíu, sagði tillögurnar hljóma eins og forsætisráðherrann vildi gera aðildarríkjunum auðveldara fyrir að hafa áhrif á Mannréttindadómstólinn.

Serzh Sargsyan, forseti Armeníu, ávarpaði þingið og sagði frá lýðræðisumbótum í landi sínu frá því Armenía fékk aðild að Evrópuráðinu 2001. Hann ítrekaði nauðsyn þess að leysa deiluna um Nagorno-Karabakh og sagði að Armenía og Aserbaídsjan yrðu að taka sameiginlega ábyrgð á friðarviðræðum og málamiðlun í deilunni. Sargsyan lýsti einnig stuðningi sínum við áformaðan fjórða leiðtogafund Evrópuráðsins og sagði hann þátt í að styrkja og sameina Evrópu.

María krónprinsessa Danmerkur flutti ávarp á þinginu þar sem hún brýndi fyrir Evrópuráðsþingmönnum að ekki mætti taka mannréttindum sem gefnum hlut. Hún fjallaði sérstaklega um réttindi kvenna og hinsegin fólks og sagði hún Istanbúlsamninginn vera helsta

staðalinn fyrir vernd kvenna gegn heimilisofbeldi. Þrátt fyrir að kynfrelsi og kynréttindi væru umdeildust meðal mannréttinda sagði María þau vera grundvallarréttindi og bæði nán og persónuleg. Í þeim fælist rétturinn til þess að taka ákvarðanir um undirstöðuatriði lífsins, líkama sinn, kynhneigð, heilbrigði og sambönd.

Samhliða þinginu var haldinn fyrsti fundur nýskipaðrar sérnefndar um hlutverk og verkefni þingsins (e. ad hoc committee on the role and mission of PACE). Í nefndinni sitja formenn landsdeilda og formenn flokkahópa. Hvatinn að stofnun nefndarinnar var sú staða sem upp er komin í samskiptum Evrópuráðsins og Rússlands í kjölfar þess að Evrópuráðsþingið svipti landsdeild Rússa atkvæðisrétti sínum árin 2014 og 2015. Rússar hafa ekki skipað sendinefnd fyrir Evrópuráðsþingið síðan og hafa tilkynnt að þeir hyggist ekki gera það fyrr en öruggt sé að sú landsdeild verði ekki svipt atkvæðisrétti sínum. Árið 2017 héldu Rússar auk þess eftir stærstum hluta greiðslna sinna til Evrópuráðsins á grundvelli þess að þeim væri ekki heimilt að nýta að fullu þátttökurétt sinn. Í skipunarbréfi sérnefndarinnar kemur fram að hlutverk hennar sé að samræma reglur Evrópuráðsþingsins og ráðherranefndarinnar. Telja margir Evrópuráðsþingmenn að megintilgangur sérnefndarinnar sé að breyta því ákvæði þingskapa Evrópuráðsþingsins sem heimilar þinginu að svipta landsdeildir atkvæðisrétti sínum en enginn viðlíka breyting á þátttökurétti aðildarríkis er heimiluð í ráðherranefndinni.

Nicoletti er formaður sérnefndarinnar og kynnti á þessum fyrsta fundi tillögur sínar að verkefnum nefndarinnar. Þær tillögur eru víðtækar og ná m.a. yfir leiðir til að auka sýnileika þingsins og innleiðingu kynjasjónarmiða. Nicoletti hvatti meðlimi til að líta á störf nefndarinnar sem tækifæri til að endurskoða verkefni þingsins og megináherslur. Í umræðum lýstu margir nefndarmenn hins vegar yfir efasemdum sínum með hlutverk nefndarinnar og sögðu óhæft að leyfa Rússum að komast upp með að beita fjárkúgunum til að komast aftur inn í Evrópuráðsþingið.

Þingið samþykkti að halda tvær sérstakar umræður um knýjandi málefni, annars vegar um átök Ísraels og Palestínnumanna og hugsanlegt hlutverk Evrópuráðsins í sáttamiðlun milli átakaaðila og hins vegar um hernaðaríhlutun Tyrkja á svæðum Kúrda í Sýrlandi. Birgir Þórarinnsson tók til máls í umræðum um friðarferli Ísraels og Palestínnumanna. Hann sagði frá reynslu sinni sem starfsmaður UNRWA í Austur-Jerúsalem. Þar hefði hann orðið þess áskynja í samræðum sínum við unga Palestínnumenn að sjálfstætt ríki Palestínu væri ekki forgangsatriði þeirra heldur frekar öryggi, frelsi og mannréttindi. Birgir sagði nauðsynlegt að velta fyrir sér nýjum lausnum á þessari langvinnu deilu. Slík lausn fælist í einu ríki fyrir Palestínnumenn og Ísraelsmenn innan landamæra fyrrverandi Palestínu. Í slíku ríki nytu allir þegnarnir öryggis og mannréttinda. Þórhildur Sunna Ævarsdóttir tók einnig til máls og sagði Ísrael vera eina ríkið sem hún þekkti til sem réttaði yfir börnum í herrétti. Palestínnumenn sem ákærðir væru á grundvelli brota á hernaðartilskipunum nytu ekki grundvallarréttinda á sviði réttarfars. Hún benti á að yfirskrift umræðunnar velti upp spurningunni um hvaða hlutverk Evrópuráðið gæti tekið að sér í friðarferlinu milli Ísraels og Palestínnumanna. Svárið við þeirri spurningu væri að Evrópuráðið ætti að krefjast þess af stjórnvöldum Ísraels, sem væri áheyrnaraðili að Evrópuráðinu, að virða megingildi Evrópuráðsins um mannréttindi, lýðræði og réttarríki.

Þingið samþykkti einnig ályktanir og tilmæli um grunnframfærslu, framfylgd skuldbindinga Bosníu, verndun barna á átakasvæðum, samningu evrópsks sáttmála um stétt lögfræðinga, friðhelgi alþjóðastofnana gagnvart dómstólum og reglugerðir til að hindra verslun með vörur sem notaðar eru við pyntingar og dauðarefsingar.

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir var skipuð framsögumaður ályts laga- og mannréttinda-nefndar á skýrslu og ályktun menningarmálanefndar um frelsi fjölmiðla. Samhliða þinginu hélt Íslandsdeild fundi utan dagskrár með landahópi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna, með Kristjáni Andra Stefánssyni, sendiherra Íslands í París, Róberti Spanó, dómara við Mannréttindadómstól Evrópu, og íslenskum starfsmönnum Evrópuráðsins, með Jan Kleijssen, skrifstofustjóra upplýsingasamfélagsins og aðgerða gegn glæpum hjá Evrópuráðinu, með sonum maltnesku blaðakonunnar Daphne Caruana Galizia og með fulltrúum Kúrda. Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins og á vefsvæðinu www.assembly.coe.int.